



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2020

## DANS2ME05

### Menning og lestur

<b>Kennarar:</b>	<b>Birna Sigurkarlsdóttir og Sólveig Sigmarsdóttir</b>  birna@fsu.is solveigsigmarsdottir@fsu.is	<b>Sk.st.</b>	<b>BS og SOS</b>
------------------	---	---------------	------------------

**Undanfari:** DANS2ME05

#### Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að efla hjá nemandanum alla færniþætti tungumálsins, að efla sjálfsöryggi hans og tjáningu á eigin hugsunum, að efla sjálfstæði hans og vinnubrögð og að byggja upp sérhæfðan orðaforða.

Áfanginn er **án lokaprófs**, en nánast öll verkefni og próf hafa vægi.

Nemendur þurfa aðstoð foreldra með að panta **Silke (rithöfundur: Bent Haller, e-bog)** sem er **rafbók** á [www.saxo.com](http://www.saxo.com). Greiðsla fer fram með korti.

**Tal:** Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í réttum framburði tungumálsins, í að tala tvö og tvö saman og að kynna verkefni sem búið er að vinna með, svara fyrirspurnum og færa rök fyrir máli sínu.

**Hlustun:** Nemendur vinna með ýmiss konar hlustunarefni, sem tengjast m.a. danskri menningu, atvinnu og hreyfingu.

**Ritun:** Nemendur vinna með ýmsar textagerðir hvort heldur sem um er að ræða skapandi skrif eða stýrð verkefni eins og t.d. endursagnir, gagnrýni og frásagnir.

**Orðaforði:** Nemendur vinna með sérhæfðan orðaforða í tengslum við námsefnið: jafnrétti, lýðræði, sköpun, velferð, hreyfingu, sjálfbærni, menntun og heilsu.

**Lestur:** Nemendur lesa eina skáldsögu, nokkrar smásögur og ýmiss konar rauntexa um málefni líðandi stundar.

**Þekkingarmarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:**

- málvenjum, uppsetningu og skipulagi ritaðs máls
- dönsku samfélagi og menningarlífi
- völdum bókmenntatextum, fræðslu- og fréttagreinum og textum af neti
- orðaforða og orðasamböndum sem tengjast námsefni daglegu töluðu máli einnig þegar um er að ræða nýtt efni

**Leiknimarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal hafa öðlast leikni í:**

- rökræða í ræðu og riti og beita gagnrýninni hugsun þar sem skoðanir hans koma fram á skýran hátt
- nýta á markvissan hátt viðeigandi hjálpargögn til að efla eigin málfærni m.a. með því að nýta málfræðilegar upplýsingar
- skilja og nota algeng stílbrögð í ritmáli
- nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og flétta saman við eigin viðhorf og draga ályktanir
- flytja af nokkru öryggi verkefni fyrir kennara og nemendur í smærri hópum lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk jafnt sem rauntexta og fjalla um inntak þeirra bæði skriflega og munnlega

**Hæfnimarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið
- styrkja eigin málfærni, t.d. með því að nýta málfræðilegar upplýsingar
- beita skýru og lýtalaus máli í ræðu og riti
- taka þátt í umræðum, færa rök fyrir máli sínu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu
- túlka texta þó merkingin liggi ekki á yfirborðinu tengja inntak bókmenntaverks saman við eigið líf, við önnur sambærileg verk og t.d. semja nýjan endi á bókmenntaverk

**Námsefni:**

**Glimt – ny litteratur på dansk, smásögu- og ljóðasafn**

**Silke, rafbók (= e-bog á dönsku), skáldsaga, pantað á [www.saxo.com](http://www.saxo.com)**

**Námsefni af netinu má finna hér: <https://www.dr.dk/nyheder>**

**Gott er að geta mætt með tölvu og heyrnatól að öllu jöfnu.**

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

<b>Vika</b>	<b>Dagsetning</b>	<b>Námsefni – viðfangsefni</b>	<b>Próf og verkefni</b>
1 - 4	7 jan. – 31.jan	<b>Sjónvarpsefni og lesefni af netinu</b>  <b>Skáldsaga: <i>Silke</i>, kafla 1-5</b>	- Hlustun - Munnlegt próf (1) - Skriflegt verkefni (1) - Próf 1 og 2, <i>Silke</i>
5 – 8	3.feb. – 28. Feb.	<b>Sjónvarpsefni og lesefni af netinu</b>  <b>Skáldsaga: <i>Silke</i>, kafla 6-11</b>  <b>Skráp I</b>	- Hlustun - Munnlegt próf (2) - Skriflegt verkefni (2) - Próf 3 og 4
9 – 12	2. mars – 27.mars.	<b>Sjónvarpsefni og lesefni af netinu</b>  <b>Smásögur: <i>Glimt</i></b>	- Hlustun - Munnlegt próf (3) - Skriflegt verkefni (3) - Hóp- og sjálfstæð verkefni, jafningjamat
13 – 17	30.mars – 8.maí	<b>Sjónvarpsefni og lesefni af netinu</b> <b>Skráp II</b>	- Skriflegt verkefni (4) - Hlustun - Munnlegt próf (4)

## Sérreglur áfangans:

### Áfanginn er án lokaprófs.

Símat og leiðsagnarmat sem byggir á fjölbreyttu námsmati í tengslum við verkefnavinnu og þemavinnu, einnig jafningjamati, smærri prófum og könnunum. Matið tekur til allra færniþátta, þ.e. hlustunar, tals, ritunar og lesturs.

### Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Skáldsaga: Lestur og skilningur	4 próf	30%
Smásögur: Lestur	3 smásögur og verkefni með þeim.	10%
Hlustun: Menning og skilningur	Vikuleg verkefni 3-4 próf	15%
Tal: Kynning og framburður	4 munnleg einstaklings- og/eða paraverkefni/próf	20%
Ritun: Orðaforði, flæði og innihald	4 skrifleg verkefni með hjálpargögn	15%
Vinnubrögð	Verkefnaskil, virkni og vinna í tímum	10%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**Yfirferð námsefnis getur verið mismunandi hjá hópum.**

**Kærlig hilsen,  
Birna og Solla**